

# Sambúð ferðaþjónustu og stóriðju



Vilborg H. Júlíusdóttir  
hagfræðingur

Á undanföllum árum hefur mikið verið skeggrætt um ágæti stóriðju fyrir íslenskt atvinnulíf og er þá oftast en ekki vísað í hagvaxtaráhrif orkufreks iðnaðar. Nú hin síðari misseri hefur þó oft verið bent á ferðaþjónustu sem valkost til þess að hagnýta náttúrugæði landsins en minna hefur farið fyrir því að meta efnahagslega ávinninga þessara valkosta.

- Hver er hlutur þeirra í landsframleiðslu þjóðarinnar?
- Hver er hlutur þeirra í brúttó- og nettógjalddeyriskjörum þjóðarinnar?
- Hvað starfa margir í þessum atvinnugreinum?

## Framlag atvinnugreina til landsframleiðslu

Hinn mikli hagvöxtur undanfarin ár á meðal annars rætur að rekja til aukinna umsvifa í tengslum við uppbyggingu á orkufrekum iðnaði hér á landi. Þrátt fyrir að áhrifin af þessum umsvifum komi ekki að fullu fram fyrir en á næstu tveim árum getur þróun atvinnugreinarinnar undanfarin ár gefið vísbendingu um hvers sé að vænta. Þegar verið er að meta vöxt og viðgang atvinnugreina innan efnahagsstarfseminnar er jafnan stuðst við framlag þeirra til landsframleiðslu<sup>1</sup> en hlutur orkufreks iðnaðar í landsframleiðslu landsmanna var að meðaltali 1,1% á tímabilinu 1981-1985. Á næstu fimm árum eða á tímabilinu 1986-1990 var hlutfallið 1,4% og á fyrstu fimm árum þessa áratugar var hlutfallið 0,8%. Í þessu samhengi er vert að taka fram að í flestum tilfellum geta hagfræðingar sammælt um gildi hagvaxtarhugtaksins sem mælikvarða á hina efnahagslegu velferð þjóða. Stundum er þó ekki allt sem sýnist. Aukin landsframleiðsla þýðir ekki endilega að lífskjörin batni samsvarandi ef erlendir aðilar eiga tilkall til hluta framleiðslunnar í formi vaxta og arðgreiðslna. Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur geta þá verið betri mælikvarðar því að þeir kvarðar taka tillit til slíkra þátta. Jafnvel mætti nota hreinar

þjóðartekjur sem einnig taka tillit til nauðsynlegra afskrifta við framleiðslu gæðanna. Með þetta í huga minnkar vægi orkufreks iðnaðar enn frekar í verðmætasköpun þjóðarinnar.

Hér á landi eins og víða annars staðar hefur verið mikill uppgangur í ferðaþjónustu. Í takt við þessa þróun hafa fyrirtæki í ferðaþjónustu, innan mismun-

á sér stað milli þjóða. Undanfarin ár hefur megináherslan innan greinarinnar og einnig meðal ferðamanna sjálfra verið lögð á umhverfismál. Þetta gæti skapað ný tækifæri fyrir íslenska ferðaþjónustu ef vel væri haldið á málum enda fellur sérstaða landsins nokkuð vel að þessum nýju áherslum.

## Gjaldeyriskjör


Ánað sem teft hefur verið fram ásem rökum í umræðunni um frekari uppbyggingu orkufreks iðnaðar er aukin fjölbreytni í útflutningsstarfsemi þjóðarinnar en efnahagur þjóðarinnar er mjög undir því kominn hvernig til tekst með gjalddeyriskjöflun. Samkvæmt bandaríska hagfræðingnum Paul Krugman og fleirum snýst milliríkjaværslun um hlutfallslega yfirburði og sérhæfingu, þ.e. að hver þjóð sinni því sem hún gerir hlutfallslega best. Með þeim hætti skapast grundvöllur fyrir viðskiptum, öflun gjaldeyriskjona ásamt innflutningi á ódýrari vöru og þjónustu. Hagvöxtur og hagsæld þjóða ætti því að geta aukist. En auknar gjaldeyriskjör eru ekki markmið í sjálfa sér. Það sem skiptir máli er sá virðisauki sem myndast í landinu.

Í þessu ljósi er áhugvert að skoða gjaldeyriskjör þjóðarinnar og skiptingu þeirra á atvinnugreinar. Í töflu 1 er skipting útflutningstekna sýnd fyrir tímabilið 1990-1997. Fram kemur að sjávarútvegurinn aflar enn um helming gjaldeyriskjona en glöggst sést að þjónustugreinarnar eru í hvað örustum vexti og munar þar miklu um tekjur í samgöngum, ferðaþjónustu og öðrum þjónustugreinum. Til fróðleiks má geta þess að á tímabilinu 1990-1997 hefur þjónustuútflutningur á föstu verði vaxið um nær 43% meðan vöruútflutningur jókst um nær 17%.

Hér er þó ekki allt sem sýnist því það er ekki aukning vergra gjaldeyriskjona af útflutningi sem skipta mestu fyrir aukin hagvöxt heldur mun frekar aukning hreinna gjaldeyriskjona, þ.e.



andi atvinnugreina, myndað umgjörð um viðtæka og fjölbreytta þjónustustarfsemi á sviði ferðamála. Ekki eru þó allir á einu máli um mikilvægi ferðaþjónustu sem atvinnugreinar en til að fá samburð við hlutdeild orkufreks iðnaðar í verðmætasköpun þjóðarinnar er hægt að skoða framlag helstu greina ferðaþjónustunnar til landsframleiðslunnar. Á árunum 1981-1985 var samanlögð hlut-



deild atvinnugreina í flugrekstri,<sup>2</sup> gistihúsarekstri og ferðaskrifstofurekstri um 2,2% af landsframleiðslu, á næstu fimm árum var vægi þessara greina 2,1% og á fyrstu árum þessa áratugar var hlutfallið 2,3%.

Samkvæmt skilgreiningu<sup>3</sup> Þjóðhagsstofnunar er vægi ferðaþjónustu í heild um 3,6% af landsframleiðslu á árinu 1995. Víða í Evrópu er ferðaþjónusta álitin mikilvægur drifkraftur efnahagslífsins. Auk þess er talið að hún hafi jákvæð áhrif á þann efnahagssamruna sem nú

<sup>1</sup> Núverandi skilgreining Þjóðhagsstofnunar á ferðaþjónustu er eftirfarandi: 90% af framleiðslu/störfum á gististöðum (atv.gr. 863), 30% af framleiðslu/störfum á veitingastöðum (atv.gr. 862), u.þ.b. 58% af framleiðslu/störfum við samgöngur á landi (atv.gr. 712 og 713), 4,5% af framleiðslu/störfum við samgöngur sjóleiðis (atv.gr. 715), 80% af framleiðslu/störfum við flugsamgöngur (atv.gr. 717 og 718), 12% af framleiðslu/störfum við menningu og afþreyingu (atv.gr. 94), 100% af framleiðslu/störfum við ferðaskrifstofur o.fl. atv.gr. 719), 18% af framleiðslu/störfum við sérverslun með minjagrip, sportvörur o.fl. (atv.gr. 628) og loks 9% af framleiðslu/störfum í blandaðri verslun (atv.gr. 629).

<sup>1</sup> Framlage einstakra atvinnugreina til landsframleiðslu er fundið með samburði á vinnsluvirði í hverri atvinnugrein sem hlutfall af vergum þáttatekjum. Vinnsluvirðið segir til um í hvaða atvinnugreinum verðmælin myndast.

<sup>2</sup> Hér er búið að draga um 20% af vergum þáttatekjum í flugrekstri frá til að nálgast farþegaflutninga greinarinnar.

Tafla 1. Útflutningur vöru og þjónustu

|                                      | 1990    | 1991    | 1992    | 1993    | 1994    | 1995    | 1996    | 1997    |
|--------------------------------------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|
| Útfl. alls á verðl. hvers árs (mkr.) | 125.109 | 125.672 | 121.597 | 135.694 | 157.436 | 161.214 | 176.147 | 190.222 |
| Hlutfallsleg skipting %              |         |         |         |         |         |         |         |         |
| Sjávararafurðir                      | 55,9    | 58,3    | 57,5    | 55,0    | 53,9    | 52,0    | 52,6    | 49,2    |
| Landbúnaðarafurðir                   | 1,4     | 1,3     | 1,3     | 1,2     | 1,4     | 1,3     | 1,4     | 1,1     |
| Ál- og kísiljárnframleiðsla          | 10,0    | 8,2     | 8,3     | 8,1     | 8,9     | 10,0    | 9,4     | 10,2    |
| Aðrar iðnaðarvörur                   | 5,1     | 4,5     | 4,1     | 4,0     | 4,4     | 5,5     | 4,9     | 4,9     |
| Aðrar vörur                          | 1,6     | 0,6     | 1,0     | 1,4     | 3,0     | 3,5     | 3,1     | 3,5     |
| Ferðaþjónusta                        | 10,8    | 11,3    | 11,0    | 11,6    | 11,3    | 12,4    | 11,8    | 11,7    |
| Önnur þjónusta tengd samgöngum       | 6,5     | 6,4     | 5,6     | 7,4     | 6,9     | 5,8     | 7,6     | 8,3     |
| Önnur þjónusta                       | 8,6     | 9,5     | 11,2    | 11,2    | 10,2    | 9,5     | 9,2     | 11,0    |

vergra gjaldeyrisketna að frádregnum kostnaði vegna innfluttra aðfanga.

Til að nálgast upplýsingar um hreinar gjaldeyrisketjur er hægt að skoða hlutfall innlendrar verðmætasköpunar í framleiðsluvirði helstu útflutningsgreina þjóðarinnar og nota það til að áætla hreinar gjaldeyrisketjur. Í töflu 2 er sýnt hlutfall innlendrar verðmætasköpunar í nokkrum atvinnugreinum.

Samkvæmt henni er hrein innlend verðmætasköpun eða framlag til landsframleiðslu í hótélrekstri 50% af framleiðsluvirði greinarinnar á árinu 1995. Afgangurinn af framleiðsluvirðinu er greiðsla fyrir aðföng frá öðrum innlendum atvinnugreinum eða frá útlöndum. Ef þetta hlutfall er heimfært upp á gjaldeyrisketjur þjóðarinnar eru hreinar gjaldeyrisketjur meiri í sjávarútvegi, flugrekstri, hótél- og veitingarekstri og menningarmálum en t.d. í ál- og kísiljárnframleiðslu eða ferðaskrifstofurekstri. Samkvæmt þessu gæti aukin áhersla á orkufrekan iðnað við núverandi aðstæður í þjóðarbúskapnum ekki bara leitt til lækkandi hlutfalls milli hreinna og vergra gjaldeyrisketna heldur gæti það einnig leitt til verri samkeppnistöðu annarra útflutningsgreina. Ef útflutningsstarfsemin þróast þannig í framtíðinni að hlutfallið milli hreinna og vergra gjaldeyrisketna lækkar, gæti það leitt til þess að hagvöxtur verði að jafnaði minni en aukning vergra útflutningstekna gefa til kynna m.v. núverandi samsetningu teknanna.

Ekki þarf að orðlengja gildi utanríkisverslunar fyrir lítið ríki eins og Ísland. Þar er meiri þörf á að eiga viðskipti við aðrar þjóðir og færa sér í nyt kosti eigin sérhæfingar og sérhæfingar annarra því þannig gefst færi á fjölbreyttari vali á hagnýtum gæðum. Ef skoðuð er annars vegar þróun kaupmáttar<sup>4</sup> gjaldeyrisketna

orkufreks iðnaðar og hins vegar ferðaþjónustunnar gagnvart innflutningi

Tafla 2. Innlend verðmætasköpun í nokkrum atvinnugreinum

|                             | 1990 | 1991 | 1992 | 1993 | 1994 | 1995 |
|-----------------------------|------|------|------|------|------|------|
| Hótélrekstur                | 55   | 55   | 55   | 54   | 52   | 50   |
| Fiskveiðar                  | 46   | 45   | 46   | 46   | 44   | 44   |
| Flugrekstur                 | 37   | 41   | 37   | 32   | 49   | 47   |
| Veitingarekstur             | 42   | 42   | 41   | 41   | 44   | 41   |
| Menningarmál                | 42   | 44   | 44   | 43   | 42   | 38   |
| Ál- og kísiljárnframleiðsla | 21   | 13   | 18   | 19   | 30   | 27   |
| Ferðaskrifstofur            | 19   | 18   | 24   | 22   | 27   | 18   |

kemur í ljós að frá árinu 1990 hefur kaupmáttur gjaldeyrisketna í ferðaþjónustu vaxið um 27% meðan kaupmáttur ketna vegna orkufreks iðnaðar hefur vaxið um



21%. Allt þer þetta að sama brunni og hefur þá ekki verið farið inn á samanburð á störfum og nýsköpun í þessum atvinnugreinum. Nefna má að á árinu 1998 starfaði 0,6% vinnuafslins í ál- og orkuverum eða um 761 starfsmáður.<sup>5</sup> Í flugrekstri, hótélrekstri og á ferðaskrifstofum störfuðu á sama ári samtals 2.848 starfsmenn eða um 2,1% vinnuafslins. Meðan störfum hefur fækkað í ál- og kísiljárnframleiðslu um 7% á tímabilinu 1980-1998 hefur þeim fjölgað í hinum þrem greinum eða um 77% á sama tíma.

<sup>4</sup> Stadvirt með innflutningsverðisvitölu til verðlags 1990.

<sup>5</sup> Fjöldi starfsmanna í merkingunni fjöldi ársverka

Samkvæmt skilgreiningu Þjóðhagsstofnunar á ferðaþjónustu er gert ráð fyrir um 5.300 störfum í ferðaþjónustu á árinu 1998. Oft heyrst talað um lág laun í ferðaþjónustugreinum en það á sér ekki stoð í raunveruleikanum þegar flugrekstur á í hlut en vægi hans í heildarársverkum í ferðaþjónustu samkvæmt skilgreiningu Þjóðhagsstofnunar hefur verið um 22% á undanförmum árum. Laun og launatengd gjöld á ársverk í flugrekstri eru 1,8 sinnum hærri að meðaltali en í ál- og kísiljárnframleiðslu þegar tímabilið 1980-1995 er skoðað. Er ekki komin tími til að líta til fleiri átta?

Gæti íslenskt atvinnulíf ekki blómstrað án frekari stóriðjuskrefa í bráð? Garðyrkjubændur hafa verið að sækja í sig veðrið. Innlend framleiðsla á grænmeti gæti sparað þjóðinni gjaldeyri og með batnandi starfsskilyrðum gæti hún jafnvel aflað gjaldeyrisketna. Hugbúnaðargerð og kvikmyndagerð hafa einnig verið að sækja í sig veðrið. Þá eru miklir framtíðamöguleikar í ferðaþjónustu og greinum tengdri menningu. Ferðamennska hér eins og annars staðar í heiminum er að verða æ ríkari þáttur í lífi almennings sem m.a. ræðst af vaxandi velmegun og meiri frítíma. Jafnframt hafa aukin alþjóðaviðskipti mikil áhrif á atvinnugreinina.

Þær hagttölur sem dregnar hafa verið saman í þessari grein gefa vísbendingu um að ferðaþjónusta sé vænlegur valkostur við stóriðjuáform. Atvinnustefna stjórnvalda á að miða að því að skapa öllum atvinnugreinum góð skilyrði til vaxtar og slík stefna á ekki að mismuna fyrirtækjum eða atvinnugreinum heldur tryggja að jafnræði ríki í starfsskilyrðum atvinnuvega.